

Aðalfundur Kennarafélags FSu 2016

Aðalfundur Kennarafélags FSu. haldinn kl. 14.50 þann 20. september 2016 í sal skólans.

Fundarstjóri: Jón Özur

Fundarritari: Elín Una Jónsdóttir

1. Skýrsla stjórnar:

Sú nýjung var í starfi félagsins að tveir stjórnarmeðlimir deildu með sér formannssætinu, Ragnheiður Eiríksdóttir fyrir áramót og Tómas Davíð Ibsen Tómasson eftir áramót. Starf félagsins var með líflegri hætti þetta árið. Stjórnin fundaði fjórum sinnum á tímabilinu ásamt því að haldnir voru tveir almennir fundir fyrir meðlimi félagsins þar sem annars vegar var fjallað um málefni Vísindasjóðs þar sem Erla Elín Hansdóttir kom og fræddi okkur um stöðu sjóðsins. Hins vegar var fjallað um kjarasamningsmál á hinum fundinum þar sem formaður FF Guðríður Arnardóttir ræddi þau málefni.

Hápunktur starfsins þennan vetur var tvímælalaust ferð KFSu og starfsmannafélagsins á Laugarvatn þar sem við hittum fyrir kollega í Menntaskólanum á Laugarvatni. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og var almenn ánægja með hana frá þátttakendum beggja skóla. Lagt var af stað klukkan 14 föstudaginn 8. apríl frá FSu og þegar við komum fengum við fyrirlestur frá Eddu Björgvinsdóttur um Húmor og gleði á vinnustað. Eftir gott kaffi í boði ML var skipt upp í hópa og fengu hóparnir kynnisferð um skólann. Einnig var rætt um sameiginleg verkefni og mögulegt samstarf skólanna. Eftir það var farið í gönguferð um Laugarvatn sem endaði í Gullkistunni þar sem kynnt var starfsemi hennar. Ferðin endaði síðan í Efsta-Dal með dýrindismáltilið og miklu fjöri. Styrkur fyrir mannauðstengd verkefni frá KÍ greiddi fyrir rútukostnað og fyrirlesara. Hvetur fráfarandi stjórn næstu stjórn til að viðhalda þessu sambandi við kennarafélag ML þar sem mikill áhugi er til staðar fyrir því af beggja hálfu.

2. Ársreikningar félagsins Formaður afhenti fundargestum ljósrit af ársreikningi félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.

3. Lagabreytingar: Engar lagabreytingatillögur bárust fyrir útsendingu fundarboðs og eru því ekki á dagskrá.

4. Kosningar til trúnaðarstarfa

Eftirtaldir hlutu kosningu:

- a) Fulltrúar kennara í Öryggistrúnaðarnefnd voru kosnir: Sigurður Grímsson og Óskar Jónsson
- b) Félagslegir trúnaðarmenn KÍ: Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir var kjörin trúnaðarmaður til tveggja ára á síðasta aðalfundi og verður því eitt ár í viðbót. Kosin til tveggja ára var: Guðmundur Björgvin Gylfason.
- c) Fulltrúar í samstarfsnefnd: Guðbjörg Grímsdóttir, Ægir Pétur Sverrir. Varamaður: Ragnheiður Eiríksdóttir og Tómas Davíð Ibsen.
- d) Í stjórn Kennarafélags FSu voru kosin: Guðmundur Björgvin Gylfason, María Ben Ólafsdóttir, Ingunn Helgadóttir og Jón Grétar Hafsteinsson. Varamenn í stjórn: Pórey Hilmarsdóttir og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir.
- e) Í fagråd kennarafélags FSu voru kosnar: Bryndís Guðjónsdóttir, Guðríður Egilssdóttir og Ágústa Ragnarsdóttir.

5. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár:

Fráfarandi stjórn telur að kjarasamningsmál verði á döfinn hjá komandi stjórn sem og áframhaldandi vinna kringum vinnumatíð.

6. Önnur mál: Þórey Hilmarsdóttir kvaddi sér máls og ítrekaði að stjórn KFSu ætti að veita stjórn Félags framhaldsskóla aðhald. Þórey bar undir fundinn eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Kennarafélags FSu 20. Sept. 2016 hefur áhyggjur af þróun mála innan félags FF. Aðalfundur KFSu krefst þess að kallaður verði saman löglegur aðalfundur í samræmi við lög FF og tryggt að ákvæðum 8. Gr. Laganna verði virt að fullu þar með talið formanns- og stjórnarkjör.“

Engar breytingatillögur voru gerðar. Fundurinn samþykkti að stjórn KFSu sendi ályktunina til stjórnar FF. Einn fundarmanna sat hjá.

2. Ægir Sigurðsson og Ólafur Bjarnason voru kosnir skoðunarmenn reikninga KFSu

3. Guðbjörg Helga mæltist til þess að næsti gjaldkeri KFSu sækti um aðgang að einkabanka fyrir félagið.

4. Ægir Pétur ræddi um hvort birta ætti ályktunina sem Þórey bar upp, t.d. á facebooksíðunni Ný sýn. Guðbjörg Dóra benti á að eðlilegra væri að stjórn FF fengi ályktunina fyrst.

5. Jón Özur flutti ljóðið *Kona* eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur.